

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2022

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) 2022, var haldinn þriðjudaginn 28. mars 2023 kl. 18:00 í Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík. Fundurinn var jafnframt aðgengilegur í útsendingu gegnum streymi á heimasíðu sjóðsins, www.live.is.

Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Helgu Melkorku Óttarsdóttur, lögmann, sem fundarstjóra og var tillagan einróma samþykkt af fundarmönnum. Fundarstjóri gerði tillögu um að Oliver Ómarsson, lögfræðingur hjá Lífeyrissjóðnum, yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins en hann var auglýstur í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 25. febrúar s.l. Þá voru aðrar auglýsingar birtar síðar um aðalfundinn í dagblöðum og á vef sjóðsins. Lýsti fundarstjóri því fundinn lögmetan.

Því næst var gerð grein fyrir dagskrá fundarins og í kjölfarið var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar er í fylgiriti með fundargerðinni.

2. Greinargerð framkvæmdastjóra

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2022, ásamt því gerði hann grein fyrir tryggingafræðilegri athugun, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu fyrir árið 2023. Einnig gerði hann grein fyrir skipan stjórnar og skipun fulltrúaráðs. Yfirferð framkvæmdastjóra er á kynningarglærum með fundargerðinni.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs.

3. Starfskjarastefna

Starfskjarastefna er óbreytt frá fyrra ári.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs.

Tillagan var borin til atkvæða fyrir fulltrúaráð. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillögur að stjórnarlaunum og launum vegna setu í endurskoðunarnefnd

Anna Kristín Kristjánsdóttir í nefnd um laun stjórnarmanna, gerði grein fyrir tillögu að stjórnarlaunum: Lagt er til að laun stjórnarmanna hækki um 8,3% og verði eftirfarandi:

- Laun aðalmanns verða kr. 225.065 á mánuði, hækka úr kr. 207.816
- Laun stjórnarformanns verða tvöföld laun aðalmanns
- Laun varaformanns verða ein og hálf laun aðalmanns

Varamenn fá greidd hálf mánaðarlaun aðalmanns fyrir hvern fund sem þeir sitja. Þá fá varamenn greiddar kr. 33.759 á mánuði, hækka úr 31.172. Í tengslum við greiðslur til varamanna er m.a. litið til þess að gera mætti ráð fyrir því að stjórnarmenn þurfi að fylgjast með störfum sjóðsins og eftir atvikum gögnum sem varða störf stjórnar. Því til viðbótar fá varamenn sem fara í hæfismat á vegum sjóðsins, með þeim hætti að þeir fara í viðtöl hjá matsnefnd Fjármálaeftirlitsins, greidd einföld laun aðalmanns.

Gerð er tillaga um að laun nefndarmanna í endurskoðunarnefnd séu greidd eftir á einu sinni á ári og verða:

- kr. 1.696.825 fyrir formann, svarar til kr. 141.402 á mánuði
- kr. 848.412 fyrir aðra nefndarmenn, svarar til kr. 70.701 á mánuði.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs.

Tillagan var borin til atkvæða fyrir fulltrúaráð. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Tillögu stjórnar um endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtæki

Stjórn lagði til að Hrafnhildur Helgadóttir, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG ehf., verði endurskoðandi LV.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs.

Tillagan var borin til atkvæða fyrir fulltrúaráðið og var hún samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

6. Kynning á þjónustu við sjóðfélaga

Hildur Hörn Daðadóttir, forstöðumaður rekstrarsviðs sjóðsins gerði grein fyrir þjónustuþáttum lífeyrissjóðsins við sjóðfélaga. Yfirferð hennar má finna á kynningarglærum með fundargerðinni.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins. Enginn kvaddi sér hljóðs.

7. Önnur mál

Fundarstjóri bauð fundarmönnum um að tjá sig um önnur mál. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundi slitið kl. 18:43.